

Alþingi
Erindi nr. P 140/1972
komudagur 26.4.2012



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

Nefndarsvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2012

Efni: 389. mál, 140. löggjafarþing 2011–2012. Tiliaga til þingsályktunar um aðgang almennings að hjóðupptökum Blindrabókasafns Íslands

Félag íslenskra bókaútgefenda eru heildarsamtök íslenskra bókaútgefenda. Félagið var stofnað árið 1889 og hefur æ síðan beitt sér fyrir hagsmunum bókaútgefenda gagnvart bóksöllum og öðrum aðilum á bókamarkaði og er til ráðgjafar um samninga bókaútgefenda við höfundarréttshafa. Félag íslenskra bókaútgefenda berst fyrir því að höfundar- og útgáfuréttur sé virtur og fyrir virku prent- og tjáningarfrelsi. Félag íslenskra bókaútgefenda er meðlimur í alþjóðlegum samtökum útgefenda, International Publishers Association (IPA) og Evrópusamtökum útgefenda, Federation of European Publishers (FEP).

Félag íslenskra bókaútgefenda gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreint mál:

Blindrabókasafn Íslands hefur frá stofnun árið 1982 starfað á grundvelli 19. greinar höfundarlaga nr. 73/1972 þar sem kveðið er á um takmarkanir á höfundarrétti í þágu þeirra sem ekki geta nýtt sér prentað lesmál. Lög um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982 grundvallast á þessum takmörkunum. Þessar takmarkanir gilda einnig um þá samninga sem handhafar höfundarréttar gera við útgefendur um útgáfu og dreifingu verka sinna. Í samræmi við stefnumörkun IPA og FEP í málefnum blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra sem er í samræmi við stefnu, World Intellectual Property Organisation (WIPO), hefur Félag íslenskra bókaútgefenda stutt starf Blindrabókasafns. Með þessari stefnumörkun er tryggður réttur þeirra sem ekki geta lesið prentletur til aðgangs að upplýsingum og þekkingu. Sú undantekning gengur þannig framur höfundarrétti og þeim rétti sem útgefendur hafa aflað sér tii fénytingar höfundarréttarvarinna verka með samningum.

Í lögum um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982 og í höfundarlögum nr. 73/1972 er hins vegar hvergi kveðið á um að leyfilegt sé að heimila öðrum en blindum, sjónskertum og prentleturshömluðum aðgang að því efni sem Blindrabókasafn Íslands hefur til umráða og lána út. Félag íslenskra bókaútgefenda bendir því á að ofangreind tillaga til þingsályktunar nr. 389 á 140. löggjafarþingi 2011–2012 stangast á við gildandi lög og tilskipanir Evrópusambandsins á sviði höfundarréttar og við ákvæði Bernarsáttmálans sem Íslendingar hafa fullgilt og íslensk höfundarréttarlöggjöf tekur mið af.

Þingsályktunartillagan er ekki í neinu samræmi við þær takmarkanir sem 19. grein höfundarlaga gerir á rétti höfundarréttshafa til að fénýta verk sín, sem er aðeins ætlað að gilda um blinda, sjónskerta og prentleturshamlaða. Þeir sem geta lesið prentletur hafa fullan aðgang að íslenskum bókum, ýmist í verslunum eða í bókasöfnum og falla ekki undir tilgang undantekningarákvæðis 19. gr. höfundarlaga.

Félag íslenskra bókaútgefenda telur rétt að tillaga til þingsályktunar nr. 389 verði dregin til baka eða verði felld þar sem hún stangist á við alþjóðlegar skuldbindingar, íslensk höfundarlög og lög um Blindrabókasafn Íslands.

F. h. Félag Íslenskra bókaútgefenda


Benedikt Kristjánsson
Framkvæmdastjóri